

Atvinnuveganefnd
Skrifstofa Alþingis
101 Reykjavík
Netfang: umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 28. apríl 2025
E-2025-58/00.11

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (raforkuviðskipti)

Vísað er til umsagnarbeiðni sem barst frá atvinnuveganefnd þann 3. apríl 2025 er varðar frumvarp um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003. Framlagt frumvarp felur í sér innleiðingu á völdum ákvæðum Evrópureglugerðar nr. 1227/2011 um heilindi og gegnsæi á heildsölumarkaði með raforku (REMIT).

Landsvirkjun styður þau mikilvægu markmið sem íslensk stjórnvöld vinna að með innleiðingu REMIT reglugerðarinnar um að skýra þær leikreglur sem gilda á raforkumarkaði á Íslandi. Þó telur Landsvirkjun brýnt að hugsa til enda þau áhrif sem regluverk, sem hannað er fyrir samtengda markaði meginlands Evrópu, kann að hafa á íslenska raforkumarkaðinn. Íslenskur raforkumarkaður er í grundvallaratriðum mjög ólíkur þeim evrópska og byggir á grunni raforkukerfis sem er í eðli sínu afar ólíkt því kerfi sem við lýði er í Evrópu. Horfa verður til þess að sambærilegt evrópskt regluverk hefur verið í þróun um áraraðir og verið innleitt í skrefum sem byggja á fyrri reynslu.

Samhliða evrópsku regluverki hefur ACER (Agency for the Cooperation of Energy Regulators) gefið út viðamiklar leiðbeiningar fyrir alla þátttakendur á raforkumarkaði. Þessar leiðbeiningar byggja á langri reynslu aðildarlanda ACER og eru leiðbeinandi fyrir alla aðila sem falla undir REMIT reglugerðina. Í leiðbeiningum ACER eru sértækar útfærslur á skilgreiningu markaðsmisnotkunar sem gætu, sökum eðlismunar orkukerfa Evrópu og Íslands, haft neikvæð áhrif á orkuöryggi, verðstöðugleika og samkeppni hérlandis. Aðkallandi er að stjórnvöld gefi út reglugerð um nánari framkvæmd löggjafarinnar ásamt leiðbeiningum þar sem tekið er tillit til sérstöðu íslenska raforkukerfisins og -markaðarins áður en frumvarpið verður í heild að lögum.

Miklir hagsmunir eru í húfi og verkefnið er viðamikið fyrir stjórnvöld sem samtímis vinna að frumvarpi um að tryggja raforkuöryggi. Í ljósi þess telur Landsvirkjun eðlilegt að **innleiðing REMIT verði útfærð í þremur sjálfstæðum skrefum með því að fresta innleiðingu eða eftir atvikum gildistöku einstakra ákvæða frumvarpsins þannig að þau öðlist gildi í áföngum:**

1. Ákvæði frumvarpsins um innherjaupplýsingar verði innleitt en gildistöku frestað um allt að 12 mánuði.
2. Áður en ákvæði um markaðsmisnotkun, innherjasvik og viðurlög við þeim eru innleidd eða öðlast gildi, verði reglugerð ráðherra og leiðbeiningar Raforkueftirlitsins gefnar út (útgáfa sérstakra leiðbeininga fyrir Ísland sambærilegar „ACER Guidance on the application of REMIT“).
3. Í þriðja áfanga myndu ákvæði um markaðsmisnotkun, innherjasvik og viðurlög verða innleidd, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, en öðlast þó ekki gildi en þó ekki fyrr en að 12 mánuðum liðnum frá setningu reglugerðar ráðherra og leiðbeininga Raforkueftirlits. Fordæmi eru fyrir því frá Noregi.

Önnur meginatriði:

- Útgangspunkturinn í rekstri einangraðs raforkukerfis Íslands er að tryggja afhendingu forgangsorku allt vatnsárið og fyrirbyggja orkuskort. Landsvirkjun telur mikilvægt að þingnefndin taki það sérstaklega fram í lagatexta eða nefndaráli að þessar séríslensku aðstæður, þar sem vinnslugeta

hverju sinni ræðst af vatnsstöðu miðlunarlóna og innrennsli, feli ekki í sér markaðsmisnotkun („withholding capacity“) eða brot á REMIT reglum.

- Jaðarkostnaður vinnslu geti ekki verið leiðbeinandi með sama hætti hér og í kerfi sem tryggir orkuöryggi með raforkuvinnslu úr jarðefnaeldsneyti eða tengingum við slík kerfi. Mikilvægt er að sett verði skýr viðmið um hvernig vinnslufyrirtæki ákvarði lágmarksverð sem endurspeglar kostnað við raforkuvinnslu.
- Ekki verði gengið lengra á Íslandi en í Noregi um að markaðsaðilar þurfi að láta Raforkueftirliti reglulega í té skrá yfir viðskipti, þ.m.t. fyrirmæli um viðskipti, sbr. 5. gr. d í frumvarpi. Slíkt er ekki gert í Noregi og ekki að ástæðulausu.

Hér á eftir verður fjallar nánar um ofangreind atriði sem og sérstöðu íslenska raforkukerfisins og ástæður þess að Landsvirkjun telur áriðandi að innleiðing regluverksins sé löguð að þeim aðstæðum sem eru uppi hér á landi.

Helstu athugasemdir við frumvarp - Sérstaða íslenska raforkukerfisins

Orkuframboð

Raforkukerfi meginlands Evrópu eru samsett af blöndu endurnýjanlegrar orku og orkuvinnslu sem brennir jarðefnaeldsneyti. Helsta keppikefli evrópsku kerfanna er að tryggja nægt framboð á uppsettu afli fyrir hámarksálag ársins. Framboð orku er ekki vandamál því vinnsla orkuvera sem knúin eru jarðefnaeldsneyti mætir þörfinni þegar endurnýjanleg orkuvinnsla, sem háð er náttúruöflunum, er takmörkuð. Íslenskt raforkukerfi er, ólíkt þeim kerfum sem eru rekin í Evrópu, því sem næst 100% endurnýjanlegt og framboð raforku því nánast alfarið háð náttúruöflum, s.s. vatnsstöðu, vindstyrk og ástandi jarðhitakerfa. Kerfið er þar að auki einangrað án tenginga við aðra markaði og af þessum ástæðum er það einstakt á heimsvísu. Náttúrulegur breytileiki í t.a.m. innrennsli til miðlunarlóna vatnsaflsvirkjana hefur veigamikil áhrif á raforkuframboð frá ári til árs. Helsta keppikefli raforkukerfisins á Íslandi er því yfirleitt að tryggja nægt framboð orku yfir allt árið, öll ár, þótt einnig sé nú farið að reyna á að tryggja nægt uppsett afl stöku sinnum yfir árið. Sem dæmi má nefna að á Íslandi eru framleiddar og notaðar um 20 TWst af raforku árlega en innrennsli í miðlunarlón getur hæglega sveiflast um 4 TWst milli ára. Það gefur því augaleið að sú orka sem er til skiptanna á Íslandi er mjög breytileg frá ári til árs¹. Fyrirkomulag raforkuviðskipta er sniðið að eðli raforkukerfisins hér á landi sem sökum sérstöðu sinnar er ekki sniðinn að skammtímasölu (um 1-2% af viðskiptum á raforkumarkaði) heldur langtímasamningum. Tekist er á við mikinn breytileika í innrennsli á milli ára með skerðanlegum raforkusamningum við stórnotendur og aðra sem geta nýtt orku þegar hún er í boði en þola að láta skerða orkuframboð þegar verr árar. Þessar ráðstafanir hafa stuðlað að stöðugleika, aukið nýtingu raforkukerfisins og hagkvæmni þess.

Jaðarkostnaður orkuvinnslu

Annar munur á íslenska raforkukerfinu og því evrópska hefur að gera með jaðarkostnað orkuvinnslu (e. *marginal cost*), þ.e. þann kostnað sem felst í vinnslu einnar viðbótar orkueiningar raforku hverju sinni, t.d. einnar MWst, eftir að búið er að fjárfesta í orkuvinnsluinnviðunum sjálfum. Endurnýjanlegir orkukostir eru kostnaðarsamir í uppbyggingu en hafa hverfandi jaðarkostnað innan aflsetningar þeirra. Jaðarkostnaður orkuvinnslu í Evrópu er aftur á móti mjög breytilegur, allt frá því að vera hverfandi fyrir endurnýjanlega orkuvinnslu yfir í að endurspeglar breytilegan kostnað við rekstur kola- og gasvera². Ákvarðanir um fjárfestingar í endurnýjanlegri orkuvinnslu í Evrópu hafa byggt á þeirri forsendu að kola- og gasver séu ráðandi við verðmyndun og að meðalverðið sé nægilega hátt til að standa undir fjárfestingunni. Í leiðbeiningum ACER er gert ráð fyrir að óheimilt sé, nema fyrir séu ríkar ástæður, að bjóða ekki tiltækt magn auk þess sem óheimilt sé að bjóða orku inn á markaðinn á verði sem er frábrugðið jaðarkostnaði. Leiðbeiningar ACER endurspeglar

¹ Sjá magn umframorku í ársskýrslu Landsvirkjunar 2014, glæru 21, umfjöllun um vatnsforðann í kafla um orkuvinnslu.

² Samkvæmt uppýsingaveitu Montel er meðalkostnaður gasorkuvera í Þýskalandi á bilinu 70-80 EUR/MWh í maí 2025 (SRMC)

þennan mismun sem leiðir til þess að gefa verði út reglugerð og sértækar leiðbeiningar hvað þennan þátt varðar.³

Áhrif þess að framleiðendum á Íslandi yrði gert að bjóða orku inn á markað á jaðarkostnaði hvers tíma, líkt og leiðbeiningar ACER vegna REMIT reglugerðarinnar gera ráð fyrir, gætu orðið mjög víðtæk og haft neikvæð áhrif bæði fyrir raforkunotendur og vinnslufyrirtæki. Verð myndi sveiflast frá því að vera mjög lágt í hárennslisárnum yfir í skortverð þegar innrennsli er ekki nægjanlegt til að mæta eftirspurn. Lágt verð í hárennslisárnum myndi hvetja til aukinnar raforkunotkunar sem aftur myndi auka á vandann þegar innrennsli bregst. Fyrirsjáanleiki í verði, sem er megin samkeppnisforskot íslenska raforkukerfisins, gæti horfið. Skortur á fyrirsjáanleika myndi draga verulega úr og jafnvel koma í veg fyrir fjárfestingaákvörðanir um uppbyggingu nýrrar endurnýjanlegrar vinnslu og orkusækins iðnaðar. Þá gætu löng tímabil mikils innrennslis, eins og komið hafa á undanförunum áratugum, valdið orkufyrirtækjum verulegum rekstrarvanda, dregið úr getu þeirra til að þjónusta raforkunotendur og haft neikvæð áhrif á samkeppni. Það er því algjört grundvallaratriði áður en reglur um markaðsmisnotkun taka gildi að skýrt sé með afgerandi hætti hvernig tekið verði tillit til sérstakra aðstæðna á Íslandi. Er þar meginúrlausnarefni að skilgreina hvað teljist „withholding“ og þá sérstaklega „economic withholding“. Þá þurfi að skýra hvernig „REMIT“ reglur og samkeppnislög spili saman í því samhengi. Sjá nánar grein 6.3.2. t) í *ACER Guidance on the application of REMIT*:

“t) Actions undertaken by persons that artificially cause prices to be at a level not justified by market forces of supply and demand (including actual availability of production, storage or transportation capacity).

Manipulative capacity withholding occurs, for example, when a market participant with the relative ability to influence the price or the interplay of supply and demand of a wholesale energy product, decides, without justification, not to offer or to economically withhold the available production, storage or transportation capacity on the market. This includes the undue limiting of infrastructure or transmission capacities, resulting in prices that likely do not reflect the fair and competitive interplay of supply and demand.”

Í ljósi ofangreinds telur Landsvirkjun mikilvægt að þingnefndin taki það sérstaklega fram í lagatexta eða nefndaráli að þær séríslensku aðstæður að vinnslugeta hverju sinni ráðist m.a. af vatnssstöðu miðlunarlóna og stöðu jarðvarmaauðlinda, og sá rekstrarlegi tilgangur að tryggja afhendingu forgangsorku allt vatnsárið og fyrirbyggja orkuskort, feli ekki í sér markaðsmisnotkun eða brot á REMIT reglum. Enn fremur er mikilvægt að skilningur ríki um að jaðarkostnaður vinnslu geti ekki verið leiðbeinandi með sama hætti hér og í kerfi sem tryggir orkuöryggi með raforkuvinnslu úr jarðefnaeldsneyti eða tengingum við slík kerfi. Nánar tiltekið að sjónarmið um „withholding“ eigi ekki við um þessar séríslensku aðstæður. Ef slíkur fyrirvari yrði ekki gerður er sú hættu fyrir hendi að gengið yrði um of á miðlunarforða lóna með afdrifaríkum afleiðingum. Mikilvægt er að sett verði skýr viðmið um hvernig vinnslufyrirtæki ákvarði lágmarksverð sem endurspeglar kostnað við raforkuvinnslu. Jafnframt þarf að framkvæma áhrifamat til að tryggja að framtíðarfyrirkomulag leiði ekki af sér óæskilegar verðsveiflur, neikvæð áhrif á raforkuöryggi eða komi í veg fyrir nauðsynlega fjárfestingu í endurnýjanlegri orkuvinnslu.

Markaðsmisnotkun og ábyrgð einstakra starfsmanna

Eins og áður segir byggja viðskiptahættir með raforku á Íslandi, sem tíðkast hafa undanfarna áratugi, á langtímasamningum og verðlagningu í takt við langtíma kostnaðarverð endurnýjanlegrar raforkuvinnslu í stað jaðarkostnaðar. Gæta verður að því að þessir eðlilegu viðskiptahættir í 100% endurnýjanlegu kerfi, sem ætlaðir eru til að tryggja raforkuöryggi, verði ekki túlkaðir sem markaðsmisnotkun í nýrri löggjöf sem miðar við raforkukerfi og markaðsfyrirkomulag á meginlandi Evrópu sem er verulega frábrugðið fyrirkomulagi hérlandis.

Sér í lagi þurfa reglur um markaðsmisnotkun þar sem ábyrgð hvílir hjá einstökum starfsmönnum að vera skýrar og gefa nægan aðlögunartíma. Fordæmi frá Evrópu um brot á REMIT reglugerðinni eru víti til varnaðar og gefa til kynna að ýmislegt í núverandi verklagi íslenskra markaðsaðila, sama hvort um sé að ræða raforkuframleiðendur, sölufyrirtæki, stórnotendur, dreifiveitir eða flutningsfyrirtæki, gæti verið álitnið ólöglegt.

³ Sjá t.d. grein 6.3.2 t) í *ACER Guidance on the application of REMIT*.

Mikilvægt er að þessum aðilum sé ljóst hvaða háttsemi rúmast innan nýrrar löggjafar og fullnægjandi skýrleiki krefst mun ítarlegri upplýsingagjafar frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti annars vegar og Raforkueftirliti hins vegar. Rétt er að benda á ítarlegar leiðbeiningar frá ACER sem fylgja REMIT regluverki.⁴

Skrá yfir viðskipti

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að Noregur hafi innleitt REMIT að hluta til inn í norska löggjöf. Samkvæmt 5. gr. d í frumvarpi sem er ætlað að innleiða nýja grein 20. d í raforkulögum er kveðið á um að Raforkueftirlitið geti ákveðið að markaðsaðilar, milligönguaðilar í raforkuviðskiptum og rekstraraðilar viðskiptavettvangs raforku skuli láta eftirlitinu reglulega í té skrá yfir viðskipti, þ.m.t. fyrirmæli um viðskipti. Í Noregi var farin sú leið að innleiða ekki þennan hluta REMIT reglugerðarinnar enda eru þessar kröfur mjög íþyngjandi og setja þarf upp viðamikil kerfi bæði hjá fyrirtækjunum sem og stjórnvöldum til að vinna með slíkar upplýsingar. Landsvirkjun telur rétt að fara norsku leiðina og innleiða ekki strax þennan hluta REMIT reglugerðar.

Skilgreining innherjaupplýsinga

Landsvirkjun benti á fyrra stigi á að mikilvægt væri að skilgreina innherjaupplýsingar betur og í samræmi við REMIT reglugerðina. Í framlögðu frumvarpi hefur það verið unnið frekar en þó telur Landsvirkjun að enn sé umtalsverð óvissa um hvað verði skilgreint sem innherjaupplýsingar og því mikilvægt að reglugerð og leiðbeiningar verði settar þar sem það er skilgreint áður en viðeigandi ákvæði laganna taki gildi.

Nauðsynlegt er að ráðast í frekari útfærslu í reglugerð áður en frumvarpið er lögfest og bendir Landsvirkjun á eftirfarandi dæmi sem eru ekki tæmandi:

- Ekki er að finna umfjöllun eða viðmið um stærð atvika sem geta talist til innherjaupplýsinga. Í Noregi er t.d. viðmiðið 100 MW. Að öllum líkindum þyrfti viðmiðið að vera mun lægra hér á landi vegna smæðar markaðar. Það fæli í sér að íslensk fyrirtæki á raforkumarkaði þyrftu að veita mun ítarlegri upplýsingar en sambærileg fyrirtæki þurfa að gera á meginlandinu.
- Ekki kemur fram hvort t.d. lónstaða, vatnsmiðlun, rennslismælingar eða aðrar slíkar upplýsingar séu innherjaupplýsingar.
- Ekki kemur fram hvar ábyrgð vegna áhrifa flutningstakmarkana á vinnslugetu vinnsluadila liggur.
- Óvissa er til staðar um hvað teljist til innherjaupplýsinga um rekstur jarðvarmavirkjana, enda engin fordæmi fyrir hendi í Evrópu sem unnt er að líta til. Hér undir fellur holutoppsprýstingur, áhrif hitaveitu á getu jarðvarmavirkjana til raforkuvinnslu og áætlanir um boranir.
- Frumvarpið nær til raforkunotenda sem eru með samninga um afhendingu á yfir 600 GWst af raforku á ári. Á Íslandi eru einungis fjórir aðilar yfir þessu marki (Alcoa Fjarðaál, Rio Tinto, Norðurál og Elkem). Ákvarðanir um raforkunotkun álvera og málmbraðslna sem starfa á krefjandi alþjóðlegum samkeppnismörkuðum geta verið viðkvæmar upplýsingar sem eru viðskiptalegs eðlis.
- Ekki kemur fram með hvaða hætti eigi að birta eða tilkynna upplýsingar en ljóst er að stofna þarf miðlægan gagnagrunn og mikilvægt að skýra hvaða aðili eigi að halda utan um birtingarvef.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir aðlögunartíma

Verði frumvarpið samþykkt óbreytt af Alþingi mun það krefjast umfangsmikilla skipulagsbreytinga hjá öllum markaðsaðilum á Íslandi ásamt verulegum kostnaði af þeirra hálfu. Ljóst er að löggjöfin gerir kröfu um endurskipulagningu hjá markaðsaðilum sem stunda fjölbætta starfsemi (t.d. í samstæðum með blandaðan rekstur samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi), hvort heldur sem er með aðskilnaði starfssviða (kínamúra) eða tilfærslu rekstrareininga í dótturfélög. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir aðlögunarfrestum en ljóst er að þær

⁴ ACER Guidance on the application of REMIT

umfangsmiklu skipulagsbreytingar sem frumvarpið krefst taki í það minnsta 24 mánuði að raungera, ef litið er til fordæma þar sem löggjöfin hefur þegar verið tekin upp. Landsvirkjun hefur kannað hvaða aðgerðir voru nauðsynlegar þegar sambærileg löggjöf var tekin upp í Noregi. Fari íslensk stjórnvöld sömu leið er ljóst að setja þurfi upp kínamúra og eldveggi innan fyrirtækja til þess að afmarka innherjaupplýsingar. Þetta verkefni verður tímafrekt og krefst bæði tæknilegra lausna og þjálfunar starfsfólks. Samkvæmt athugun Landsvirkjunar munu slíkar skipulagsbreytingar taka langan tíma innan fyrirtækja í orkuframleiðslu.

Jafnframt er ljóst að íslensk stjórnvöld verði að fara í mikla vinnu við að setja viðeigandi reglugerðir og leiðbeiningar. Gefa verður stjórnvöldum ráðrúm til að setja slíkar reglur sem og fyrirtækjunum svigrúm til að innleiða þær í sínum rekstri áður en fyrirtæki og starfsmenn geta átt von á viðurlögum. Þetta er í samræmi við innleiðingu í Evrópu sem og í Noregi.

Það er því mikilvægt að væntanleg innleiðing REMIT öðlist ekki gildi fyrr en 24 mánuðum eftir gildistöku og að reglugerðir með nánari útfærslu verði tilbúnar a.m.k. 12 mánuðum fyrir gildistöku réttaráhrifa.

Aðrar athugasemdir

Gæta þarf að því að skilgreiningar rími við aðra lagasetningu. Í frumvarpi til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (þingskjal 131, 130. mál, raforkuöryggi⁵) er eftirfarandi skilgreining á markaðsaðila lögð til:

Markaðsaðili: Til markaðsaðila teljast vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtæki, dreifiveitur, sölufyrirtæki og stórnotendur í skilningi laga þessara og hver sá einstaklingur eða lögaðili sem stundar viðskipti með raforku í heildsölu.

Er hún því önnur en lögð er til í frumvarpi þessu til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (þingskjal 282, 251. mál, raforkuviðskipti):

Markaðsaðili: Hver sá einstaklingur eða lögaðili sem stundar viðskipti með heildsöluorkuafurð í atvinnuskyni eða annast slík viðskipti í umboði annars.

Í frumvarpsdrögum er lagt til að bætt verði við 3. gr. raforkulaga nýrri málsgrein er setur fram hvaða kröfur umsækjandi um leyfi til að reka viðskiptavettvang raforku þurfi að uppfylla. Mikilvægt er að í framhaldinu verði farið yfir hvort núverandi rekstraraðilar viðskiptavettvanga á Íslandi uppfylli þau skilyrði sem lagt er til að sett verði. Útlit er fyrir að í sumum tilvikum þurfi að gera umtalsverðar breytingar eignarhaldi og stjórnarháttum til að ákvæði um hagsmuna árekstra hagsmunaárekstra og fullnægjandi aðskilnað frá frá öðrum markaðsaðilum sé séu uppfyllt.

Samantekt

Að ofangreindu virtu er tillaga Landsvirkjunar sú að framlagt frumvarp taki til að byrja með einungis til innleiðingar á ákvæðum varðandi innherjaupplýsingar og að aðilum á markaði verði veittur aðlögunartími, með því að fresta gildistöku laganna. Jafnframt óskar Landsvirkjun eftir að óvissu um hvað teljist innherjaupplýsingar verði eytt áður en lögin taka gildi og að íslensk stjórnvöld gefi út reglugerð og sérstakar leiðbeiningar fyrir Ísland sambærilegar „ACER Guidance on the application of REMIT“. Mikilvægt er að reglur um markaðsmisnotkun verði settar en eins og rökstutt hefur verið er algjör forsenda að skilgreint verði með ítarlegum hætti hvað teljist „withholding“ þar sem tekið er tillit til sérstöðu íslenska raforkukerfisins. Öllum vafa verði eytt um að vinnslugeta hverju sinni ráðist af vatnsstöðu miðlunarlóna og innrennsli, og því sé eðlilegur hluti rekstrar að tryggja afhendingu forgangsorku allt vatnsárið sem og orkuöryggi. Jafnframt geti jaðarkostnaður vinnslu ekki verið leiðbeinandi með sama hætti hér og í kerfi sem tryggir orkuöryggi með raforkuvinnslu úr jarðefnaeldsneyti eða tengingu við slíkt kerfi. Af hálfu Landsvirkjunar er mælt með að reglur um markaðsmisnotkun öðlist ekki gildi nema að gerður sé sérstakur og skýr fyrirvari um að tekið sé mið af séríslenskum aðstæðum, sérstaklega er varðar „withholding“. Ef slíkar ráðstafanir yrðu ekki gerðar er sú hætta fyrir hendi að gengið yrði um of á miðlunarforða lóna með afdrifaríkum afleiðingum.

⁵ <https://www.althingi.is/altext/156/s/0131.html>



Landsvirkjun fagnar gegnsærri umræðu um framtíðarskipulag raforkuviðskipta á Íslandi. Nauðsynlegt er að skýra þær leikreglur sem gilda á raforkumarkaði og tekur Landsvirkjun efnislega undir þau markmið sem íslensk stjórnvöld vinna að með áætlaðri innleiðingu REMIT reglugerðarinnar.

Landsvirkjun hvetur stjórnvöld til að ganga ekki lengra við innleiðingu REMIT en ástæða er til. Mikilvægt er að horft sé til sérstöðu Íslands í þessu máli og að gætt sé að hagsmunum íslenskra raforkuframleiðenda, annarra markaðsaðila og almennings.

Landsvirkjun óskar vinsamlegast eftir að koma fyrir atvinnuveganefnd Alþingis við frekari vinnslu frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Tinna Traustadóttir
Framkvæmdastjóri Sölu og þjónustu